

## 106. Stjórnarfundur Fenúr

12. febrúar 2009.

**Mætt:**

Guðmundur T. Ólafsson, Ragna I. Halldórsdóttir, og Ingvar Halldórsson

**Staður og stund:** Sorpa Gufunes kl 10:00

- Fundargerð 105 samþykkt með smávægilegum breytingum.
- Stefnumótun.  
Stefnumótun fenúr rædd og ákveðið að taka betur fyrir á næsta fundi og gera þá ráð fyrir fullri mætingu stjórnar.
- Aðalfundur og ráðstefna 3 apríl  
Ragna upplýsir að Seltjarnarnes sé tilbúið til að hýsa aðalfund og ráðstefnu Fenúr þann 3 apríl nk. Einnig munu þeir bjóða hádegismat. Þór Sigurgeirsson ætlar að athuga með að útvega ráðstefnu og/eða aðalfundarstjóra. Umræðu um dagskrá og áherslur frestað til næsta fundar.
- Fenúr fréttir.  
Haft hefur verið samband við Gyðu að gefa út Fenúr fréttir í fyrrihluta mars.
- Grænn Gróði  
Ragna gerði grein fyrir erindi frá sprotafyrirtækinu Grænn Gróði sem meðal annars er að vinna með þökkun á lífrænum úrgangi. GG óskar eftir þróunarsamstarfi við Fenúr. Erindið verður sent stjórnarmönnum og tekið fyrir á næsta fundi.
- NAF  
Ársfundur NAF 2009 verður haldinn á Íslandi 21-24 júní. Formaður Ragna Halldórsdóttir og Björn Halldórsson munu annast skipulag fundarins.
- Önnur mál .  
Ósk Efnamóttökunar um breytingar á Fenúrmerkjunum var rædd og ákveðið að bíða með frekari vinnu þar til frekari upplýsingar leggja fyrir um söfnunarkerfi fyrir rafeindaúrgang
  - Næsti fundur ákveðin 26. febrúar kl. 14 í Gufunesi.

Fundi slitið 11.45 .

Fundarritari gto